

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2019



Á utanverðu Snæfellsnesi

**lögð fram á aðalfundi HeV í Borgarnesi
15. júní 2020**

Skýrsla Heilbrigðisnefndar Vesturlands 2019

Starf Heilbrigðisnefndar var nokkuð stormasamt á síðastliðnu starfsári og fór mikið af tíma nefndarinnar og þá sérstaklega formanns í erfið starfsmannamál hjá heilbrigðiseftirlitinu. Annar tveggja starfsmanna heilbrigðiseftirlitsins hóf árið í veikindaleyfi og ríkti nokkur óvissa framan af ári, um endurkomu hans. Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins var því einn að störfum hálftr starfsárið en Heilbrigðisnefnd ákvað í maí að ráða tvo nýja starfsmenn tímabundið út árið með möguleika á fastri ráðningu. Þeir hófu störf í júní og júlí og fóru fyrstu vikurnar í að læra störfin undir handleiðslu framkvæmdastjóra. Annar hinna nýráðnu starfsmanna fór í veikindaleyfi þegar 5 vikur lifðu af ráðningartímanum en gengið var frá fastráðningu við Árna Gunnarsson og hefur hann öðlast réttindi heilbrigðisfulltrúa.

Stjórn Heilbrigðisnefndar telur að á síðasta starfsári hafi opinberast þeir veikleikar sem fylgja því óhjákvæmilega að reka fámennar starfsstöðvar þar sem starfsfólk vinnur í miklu návígi og vinnuálag er mikið. Þegar upp koma langtíma veikindi er heilbrigðiseftirlitið ekki í stakk búið að sinna lögbundnum verkefnum sínum nema um skamman tíma. Af þeim sökum hefur Heilbrigðisnefnd lagt til við eigendur að fjölgað verði í heilbrigðiseftirlitinu.

Að öðru leiti voru störf Heilbrigðisnefndar Vesturlands með hefðbundnum hætti. Meðal verkefna voru fjármál heilbrigðiseftirlitsins, svör við fyrirspurnum, útgáfa starfsleyfa sem og umsagnir til Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, byggingarfulltrúa sveitarfélaga á Vesturlandi og ráðuneyta svo dæmi séu tekin.

Óskað var eftir sérstöku viðbótarframlagi frá eigendum upp á 10 milljónir króna til að mæta erfiðleikum í rekstri heilbrigðiseftirlitsins vegna langtímaveikninda og skiptist það á sveitarfélögin í samræmi við íbúafjölda. Fyrirhugað var að kaupa nýjan bíl á árinu en því var frestað til ársins 2020 vegna aukins rekstrarkostnaðar. Kaup á nýjum bíl verða ekki umflúin á núverandi starfsári og gert er ráð fyrir kaupunum í fjárhagsáætlun.

Á starfsárinu voru haldnir 5 fundir, þar af 2 símafundir. Auk hefðbundinna funda átti nefndin 4 lokaða fundi um starfsmannamál án þátttöku framkvæmdastjóra. Formaður Heilbrigðisnefndar átti að auki vel á þriðja tug funda vegna starfsmannamála á starfsárinu.

Að öðru leiti er vísað til fundargerða Heilbrigðisnefndar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins, www.hev.is.

Helgi Helgason framkvæmdastjóri lét af störfum þann 30. apríl sl og hafði þá unnið við heilbrigðiseftirlit á Vesturlandi í á fjórða áratug og verið framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá allt frá stofnun þess árið 1999. Helgi hefur unnið ómetanlegt starf fyrir heilbrigðiseftirlit Vesturlands, hann hefur verið vakinn og sofinn yfir hagsmunum eftirlitsins og lagt mikinn metnað í rekstur þess. Helgi Helgason hefur frá upphafi verið talsmaður þess að heilbrigðiseftirlit verði á höndum sveitarfélaga og tekið virkan þátt í starfi heildarsamtaka heilbrigðiseftirlitssvæða. Heilbrigðisnefnd þakkar Helga Helgasyni fyrir hans störf og óskar honum alls velfarnaðar í framtíðinni.

Borgarnesi 15. júní 2020

Ólafur Adolfsson formaður Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2019

INNGANGUR:

Árið 2019 var að mörgu leyti mjög sérstakt í sögu heilbrigðiseftirlits Vesturlands (HeV).

Framkvæmdastjóri einn að störfum fyrstu 6 mánuði ársins þegar 2 nýir starfsmenn voru ráðnir tímabundið til áramóta.

Hinn fastráðni starfsmaðurinn var í veikindaleyfi fram í lok október.

Samstarf framkvæmdastjóra við Heilbrigðisnefnd var í tvísýnu enda ekki á hverjum degi sem starfsmenn fá formlega áminningu frá stjórn sem að mati framkvæmdastjóra var ótímabær og ekki studd fullnægjandi rökum.

Að starfa við slíkar aðstæður var ekki boðlegt og mátti stjórninni því vera ljóst að þær leiddu til samstarfsslita. Framkvæmdastjóri lét svo af störfum 1. maí 2020.

Ofangreindar aðstæður leiddu til skertrar starfsgetu innan embættisins og hefðbundnu eftirliti því forgangsraðað eins og hægt var og reynt að sinna öðrum brýnum verkefnum s.s. kvörtunum og föstum sýnatökum auk daglegrar stjórnsýslu.

Samstarf við aðrar stofnanir var í lágmarki og skal sérstaklega nefnd vinna með samstarfshópum á vegum heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Umhverfisstofnunar annarsvegar og við Matvælastofnun hinsvegar.

Þar sem sveitarstjórnir á Vesturlandi bera fjárhagslega ábyrgð á HeV þurfti að endurskoða fjárhagsáætlun 2019 þegar leið á árið enda miklar breytingar átt sér stað frá fjárhagsáætlun sem samþykkt var í október 2018.

Sem fyrri ár hefur yfirstjórn mengunarvarnamála í landinu, þ.e. umhverfis- og auðlindaráðuneyti, brugðist sveitarstjórnnum með að fela ríkisstofnunum á höfuðborgarsvæðinu meira vald og eftirlitshlutverk og um leið veikt eða felld niður stjórnsýslu og eftirlit starfsmanna sveitarfélaganna, þ.e. heilbrigðiseftirlitssvæðanna.

Allt er þetta kynnt af ráðuneytinu sem einföldun regluverks og einfaldari stjórnsýsla, þótt reynslan hafi sýnt hið gagnstæða.

Þá virðist það vilji ráðuneytisins að skrásetja skuli fyrirtæki en ekki gefa út starfsleyfi þótt engin reynsla liggi að baki. Það skal bara breyta hlutunum.

Skráning á heimagistingu hefði átt að fá stjórnvöld til að staldra við enda hefur sú breyting gjörsamlega mislukkast.

Ráðuneytið hefur ekki sýnt mikinn vilja til samstarfs eða aðkomu sérfræðinga sveitarfélaganna að breytingum eða uppbyggingu mengunarvarnamála í landinu.

Samstarf við Umhverfisstofnun var nokkuð gott á árinu og má þakka það einstökum starfsmönnum stofnunarinnar sem sýna vilja til að starfa með heilbrigðiseftirlitssvæðunum.

Samstarf við Matvælastofnun hefur hins vegar ekki verið til staðar enda er það mat undirritaðs að sú stofnun sé ekki að sinna yfirumsjónarhlutverki sínu í samræmi við gildandi lög.


Þá er það spurning hvort vilji ráðuneytis matvælamála sé að flytja allt matvælaeftirlit undir ríkisstofnanir.



-Gott skipulag og góð umgengni í eldhúsi er gulli betri

Um langt skeið hefur HeV farið fram á að númerslausar bifreiðar og aðrir hlutir verði fjarlægðir á opnum svæðum, almennum bílastæðum og við umferðargötur.

Notaðir hafa verið sérstakir límmiðar með áminningu um að fjarlægja beri hlutinn innan ákveðins tíma, oftast 10 daga. Er þar vitnað til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti og reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.



Áminningarmiðar á númerslausum bílum eru heitt mál þessa dagana.

Á árinu kom fram álit frá Umboðsmanni Alþingis (nr. 10008/2019) sem setur ofangr. aðgerðir í uppnám. Í álitinu má lesa að tilkynna beri viðkomandi eiganda hlutar sérstaklega ef fjarlægja eigi viðkomandi hlut. Ekki nægi að líma áminningarmiða á hlutinn eins og tíðkast hefur í áratugi. Þá var álit þetta ekki í samræmi við úrskurð úrskurðarnefndar um umhverfismál um sama efni. Í flestum tilfellum er ekki vitað hver á númerslausu bifreiðina eða viðkomandi hlut og mun verða erfitt í framtíðinni að uppfylla ákvæði ofangr. reglugerða nema að brugðist verði skjótt við hjá æðri stjórnvöldum að breyta laga og reglugerðarumhverfinu.


Á árinu voru gerðar nokkar viðamiklar breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Þar er helst til að nefna að ekki þarf nú umsögn Heilbrigðisnefndar til breytinga á gjaldskrár sveitarfélaga sem byggja á lögnum, bannað verði með öllu að afhenda burðarpoka úr plasti í verslunum eftir 1. jan 2020 og heimild Heilbrigðisnefndar til að fela framkvæmdastjóra afgreiðslu einstakra mála.

Í samræmi við opna stjórnarsýslu skal birta eftirlitsskýrslur á mengunarvarna-, hollustu- og matvælasviði. Ráðherra skal setja reglugerð um hvernig standa skuli að birtingu. Slíkar reglur liggja ekki fyrir og er því nokkur óvissa um almenna birtingu og hvar almenningur geti skoðað þessar upplýsingar.



-Fjárslóður á einkalóð ??.



- Starfleyfisskilt niðurrif mannvirkja. Sementsverksmiðja

Fundir og námskeið:

Framkvæmdastjóri sat 6 símafundi með framkvæmdastjórum HES ásamt forstjóra og sviðsstjórum Umhverfisstofnunar (UST).

Á þessum fundum eru tekin fyrir mál sem eru efst á baugi á hverjum tíma auk þess sem farið er yfir einstaka mál sem koma upp hjá UST eða HES og snerta eftirlitið í landinu.

Þarna eru líka lagðar línur að eftirlitsverkefnum og kynnt nýmæli í regluverki.

Enginn símafundur var haldinn með Matvælastofnun.

Framkv.stj. tók þátt í hópvinnu með UST með setu í hollustuháttahópi, umhverfisgæðahópi.

Vorfundur HES með Mast, UST og ráðuneytum umhverfis- og auðlinda og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti var haldinn í byrjun maí á Ísafirði.

Starfsmenn sóttu haustfund HES sem haldinn var í Reykjavík um miðjan október.

Tveir nýir starfsmenn sem ráðnir voru tímabundið til áramóta sóttu nýliðanámskeið heilbrigðisfulltrúa sem haldið var af UST og Mast í október.

Fundir:

Haustfundur HES í Reykjavík í október	HH, ÁG, KSS og ÁH
Aðalfundur SHÍ í Reykjavík í október	ÓA, HH
Aðalfundur HEV í Borgarnesi í mars	ÓA, HH
Vorfundur HES með UST og fl. Á Ísafirði í maí	HH
Kynningarfundur OR um umhverfisskýrslu í mars	HH
Kynningarfundur um umhverfisskýrslu á Grundartanga í apríl	HH
Símafundur með framkv.stj. HES (8)	HH
Fundur á Akranesi með starfsmönnum v/Íþr.húss Brekkubæjarskóla (3)	HH
Fundur um fráveitumál á Akranesi	ÓA (1), HH (4)
Símafundur með framkv.stj. HES og starfsfólki UST (5)	HH
Fundur með skipulags- og landbún.nefnd Borgarbyggðar um samþykktir	HH
Fundur með byggðaráði Borgarbyggðar um sameiginleg málefni	ÓA, HH
Fundur um endurskoðun og breytingu á hollustuháttareglugerð (4)	HH
Fundur í hollustuháttahópi UST og HES (8)	HH
Fundur í umhverfisgæðahópi UST og HES (5)	HH
Fundur með stjórnvöldum í Stykkishólmi vegna vinnslu sjávarþangs	HH

ÓA=Ólafur Adolfsson stjórnarformaður, HH= Helgi Helgason framkv.stj., ÁG= Árni Gunnarsson eftirlitsmaður, Kristín Sigríður Sigurðardóttir eftirlitsmaður, ÁH= Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ)

Hlutverk stjórnar SHÍ að fræða stjórnvöld um starfsemi heilbrigðiseftirlitssvæðanna. Þetta er ekki sjálfstæð stjórnarsýslustofnun.

Stjórnin hefur hitt ráðherra umhverfis- og auðlindamála og landbúnaðarmála en átt frekar erfitt með að kynna starfsemi heilbrigðiseftirlitssvæðanna.

Stjórn SHÍ skipa:

Ari Jóhann Sigurðsson formaður heilbr.nefndar NV-svæðis formaður

Árný Sigurðardóttir framkv.stj. Reykjavíkursvæðis ritari

Hörður Þorsteinsson framkv.stj. Hafnarf.-og Kópavogssv. gjaldkeri

Útgefin starfsleyfi	2019	2018	2017	2016
Brennuleyfi	7	17	16	21
Tóbakssöluleyfi	11	7	6	4
Undanþága vegna aldurs til sölu á tóbaki	8	9	4	0
Snyrtivörufyrirtæki	7	4	2	1
Matvælafyrirtæki	14	17	22	4
Vatnsveitur	3	3	2	1
Veitingastaðir og hótél	28	45	20	20
Gisting/samkomuhús	57	39	52	60
Mengandi starfsemi	15	22	26	15
Hollustuhættir (skólar/leikskólar/dvalarheimili)	16	10	9	4
Útihátíðir, markaðir og tjaldsvæði	3	6	6	5
Starfsmannabúðir/bústaðir/tjaldstæði /snyrtingar	2	3	3	0
	171	182	168	135

Önnur leyfi og vottorð:

Vegna flutnings á sóttmenguðum úrgangi	0
Skoðun á íbúðarhúsnæði	5
Skipaskoðun	6

Umsagnir til sýslumanna:

	2019	2018	2017	2016
Vegna veitingaleyfa	27	32	22	39
Vegna gististaða	46	44	71	82
Vegna samkoma/útihátíða	42	38	49	39
Samtals	115	114	142	160

Umsagnir til opinberra aðila:

Gefnar voru 36 skriflegar umsagnir til sveitarfélaga á árinu vegna skipulags og/eða byggingarmála. Þetta eru oftast tímafrek mál og þar nast kunnáttu á staðháttum auk þess sem mikill lestur fylgir því að fara yfir skipulagsmálin.

Eftirlit og önnur erindi:

Heilbrigðisnefnd hefur á liðnum árum gefið umsagnir til sveitarstjórna vegna nýrra eða breyttra samþykka eða gjaldskráa, sem settar eru með vísan til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Nú hefur orðið sú breyting á að ekki þarf að senda slíkar gjaldskrárbreytingar til Heilbrigðisnefndar enda undarlegt að nefndin geti komið inn í fjármálaumhverfi sveitarfélaganna. Áfram verður þó að leita umsagnar Heilbrigðisnefnda vegna samþykka sem settar eru skv. fyrrgreindum lögum.

Eftirlit á árinu var með hefðbundnum hætti en eftirlitsferðir mun færri en reiknað var með í upphafi þrátt fyrir ráðningu tveggja nýrra starfsmanna á miðju ári. Þessir starfsmenn höfðu ekki heimild til að taka ákvarðanir nema undir umsjón framkv.stj. þar sem þeir höfðu ekki leyfi frá ráðherra í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 571/2002 um menntun og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

HeV sá um sýnatökur á sjósýnum á Langasandi á Akranesi yfir tímabilið maí-september eins og s.l. 7 ár. Niðurstöður rannsókna sýna mjög litla saurmengun og hefur Langisandur staðist væntingar með Bláfánann að húni.

Á árinu komu ekki upp nein veikindi sem rekja má til matvæla.

HeV skoðaði 6 skip í Grundartangahöfn þar sem gefin voru út sóttvarnavottorð í samræmi við sóttvarnalög og reglugerð um hollustuhætti.

Fráveitumál á stærri þéttbýlisstöðum eru ekki fullnægjandi og í samræmi við fráveitureglugerð nema á Akranesi og í Borgarnesi. Enn eitt árið leið án þess að ný fráveitugerð hefur verið gefin út en drög að þeirri reglugerð hefur legið í skúffu umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 2017. Ljóst er að mörg sveitarfélögin eru að bíða eftir reglugerðinni þannig að þau viti hvert skuli stefna í þessum málum.

Von er á skýrslu frá Umhverfisstofnun um ástand fráveitumála stærri þéttbýlisstaða í landinu á árinu 2020.




Framkvæmdir við nýtt fráveitumannvirki, rotþró og siturlögn.


HeV hefur séð um reglubundnar sýnatökur á neysluvatni úr vatnsveitum sem hafa starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd.

Vegna mikilla þurrka á sumrinu komu víða upp erfiðleikar hjá vatnsveitum, bæði hjá sveitarfélögum og einkavatnsveitum. Einkavatnsveitur eru víða reknar hjá framleiðendum búvara og þurfti að stöðva sölu mjólkur frá þremur mjólkurframleiðendum tímabundið vegna mengunar í vatnsbólí.

Þá var gefin út viðvörðun til notenda neysluvatns í hluta Borgarfjarðar vegna mengunar sem fannst í vatnsbólí í Grábrókarhrauni.



-Úrelt vatnsból af gömlu gerðinni



- Framkvæmdir við nýtt vatnsból

Netverslun fer vaxandi og þarf starfsleyfi til að selja neysluvörur á netinu.


HeV hafnaði starfsleyfisumsókn til sölu á tóbaki á netinu þrátt fyrir óljós ákvæði í tóbaksvarnalögum um þetta efni.

Ekkert starfsleyfi var afturkallað á árinu en tveir aðilar fengu tilkynningu um fyrirhugaða formlega áminningu vegna mengunarmála.

Mikill tími HeV og aukinn kostnaður fyrir umsækjendur fyrirtækja á mengunarvarnasviði (sbr. Reglugerð nr. 550/2018) fór í auglýsingu og kynningu á starfsleyfum sem falla undir reglugerðina. Þetta á bæði við um stærri sem minni fyrirtæki s.s. útgáfu starfsleyfa vegna áramótabrenna.


FJÖLDI FYRIRTÆKJA 2019 (1141)

Mengandi Matvæla Vatnsveitur Hollustuhátta
Skólar/dvalarh. Gististaðir Snyrtistofur Annað




FJÖLDI FYRIRTÆKJA 2018 (1103)

Mengandi Matvæla Vatnsveitur Hollustuhátta
Skólar/dvalarh. Gististaðir Snyrtistofur Annað



Kvartanir (27):

Kvörtunarflokkar



Sýnatökur, örveru-/efnarannsóknir:

	2019	2018	2017	2016
Neysluvatn	115	112	131	88
Vinnsluvatn	4	7	7	9
Salat og kjötálegg	0	0	0	0
Aðrar mjólkurvörur	0	0	0	0
Önnur matvæli	0	3	3	0
Baðvatn	12	0	0	0
Önnur sýni (sjór, ár, sigvatn, fráveita)	14	24	10	8
Samt.	145	146	151	105

Efnarannsókn neysluvatns (4)

Ofangreindar sýnatökur eiga við um sýni sem send eru á viðurkenndar rannsóknastofur en ekki sýni sem tekin eru og skoðuð af öðrum ástæðum s.s. merkingum og/eða innihaldslýsingum.

Niðurlag:

Eftir tæplega 36 ára samstarf vill undirritaður þakka starfsfólki sveitarstjórna fyrr og nú fyrir mjög gott samstarf í gegnum árin.

Innan þessa hóps hefur undirritaður eignast góða vini sem skilja nauðsyn þess að halda þjónustunni í heimabyggð en ekki færa heilbrigðiseftirlitið á silfurfati til ríkisstofnana sem hafa sýnt að eftirlitið er sveiflukennt og oft á tíðum tilkynnt með nokkurra daga fyrirvara.

Ef það er vilji sveitarstjórna að halda starfsemi í heimabyggð verður að spyrna fast við fótum þannig að almenningu hafi greiðan aðgang að stjórnsýslunni frekar en að leita til stjórnsýslunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Maí 2020

Helgi Helgason

Fyrirverandi framkv.stj. Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

